



**ÚRGANGSMÁL OG
ENDURVINNSLA Í
RANGÁRVALLASÝSLU**

Sorphirða í Rangárþingi


Frá 2019 hafa íbúar í Rangárvallasýslu flokkað lífrænan heimilisúrgang. Góður árangur hefur náðst og hefur almennt sorp safnað frá íbúum minnkað jafnt og þétt. Lífræni úrgangurinn er fluttur til moltugerðar og stendur svo íbúum til boða sem næringarríkur jarðvegsbætir.

Frá 2017 hafa íbúar flokkað plastumbúðir í grænu tunnuna. Ágætis árangur hefur náðst en ávallt má gera betur og þá sérstaklega varðandi hreinleika umbúðanna.

All lengi hafa íbúar flokkað pappír og pappa í bláu tunnuna. Hefur það gengið mjög vel enda pappír kjörið endurvinnsluefni og íbúar með langa reynslu af flokkun pappírs.

Þar sem við íbúar í Rangárþingi búum á vindasömu svæði þurfum við að ganga frá plasti og pappír í tunnurnar þannig að það fjúki ekki við losun. T.d. með því að troða pappír í fernur og plasti í brauðpoka.

Það er til mikils að vinna að flokka vel og minnka magn almenns heimilisúrgangs sem fer í urðun, brennslu eða til útflutnings. Með því drögum við úr kostnaði og spörum auðlindir, umhverfinu og íbúum til hagsbóta.



Móttökustöðin Strönd

Fyrirkomulag sorphirðu:

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er byggðasamlag í eigu Rangárþings eystra, ytra og Ásahrepps. Frá árinu 2017 hefur byggðasamlagið séð um sorphirðu frá íbúum á svæðinu. Svæðið er víðfemt og tekur 9 daga að losa það. Í hverri heimsókn er ávallt losaður lífrænn úrgangur og ein tegund úrgangs.

Við öll heimili eru þrjár tunnur og eitt brúnt ílát (sem má vera í hvaða tunnunni sem er).



Rúmist úrgangur ekki í núverandi tunnunum eru íbúar hvattir til að auka flokkun og skil endurvinnsluefna hvort sem er í tunnur við heimilið eða á grenndar- og móttökustöð. Einnig er hægt að óska eftir að fjölga og/eða stækka tunnur við heimilið.

Ef rangt er flokkað í tunnurnar eru þær ekki losaðar og límmiði með skilaboðum til íbúa settur á tunnurnar. Íbúar þurfa þá að flokka betur og bíða næstu losunar eða losa í almennt sorp á næstu grenndarstöð eða móttökustöðinni á Strönd.

Fyrirspurnum um sorptunnur skal beina á skrifstofu Rangárþings ytra eða á stromd@rang.is.

Sorphirðudagatal:

Er gefið út á 3ja mán. fresti og á því eru gerðar breytingar í kringum frídaga. Frávik frá sorphirðudagatali eru tilkynnt á Facebook-síðu Sorpstöðvarinnar og á miðlum sveitarfélaganna.

Bláa tunnan

Flokkur

Hvað tilheyrir

Frágangur



Bylgjupappi

Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.

Mikilvægt að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál.



Dagblöð og tímarit

Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír.

Mikilvægt að samþjappa í stærri ílát til þess að hindra fok við losun.



Sléttur pappi / fernur

Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappi, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírurúllum.

Fjarlægja allar matarleifar og skola vel. Samþjappa í stærri ílát til þess að hindra fok við losun.

Græna tunnan

Flokkur

Hvað tilheyrir

Frágangur



Plastumbúðir

Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti t.d. plastpókar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma.

Fjarlægja matar- og efnaleifar. Þarf að fara samþjappað í tunnuna til þess að hindra fok við losun.

Brúna ílátið



Lífrænn heimilisúrgangur

Í **brúna ílátið** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í jarðgerðarpoka (maispökann) eða pappapoka áður en hann er settur í tunnuna. Stór bein mega ekki fara í brúna ílátið.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrjón o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar



Pasta



Kartöflur



Afskorin blóm



Eldhúspappír



Stór bein eru bönnuð

Umhirða og staðsetning sorptunna

Sorptunnur sem Sorpstöð Rangárvallasýslu losar eru eign hennar. Sorpstöðin sér um endurnýjun og viðhald á skemmdum tönnum. Ef hægt er að rekja tjón á tunnu til slæmrar umgengni kann íbúi að þurfa að greiða fyrir endurnýjun.



Aðgengi að tönnum skal ávallt vera greitt. Bifreiðar, kerrur, reiðhjól o.þ.h. mega ekki hamla losun. Gott er að hafa í huga að fjarlægð tunna frá götu /aðkomustað sé ekki meiri en 20 m. Best er að hafa tunnur sem næst götu og í tunnuskýlum.



Að vetri til skulu íbúar moka frá tönnum og hálkuverja. Gríðarlega erfitt er að draga tunnur í miklum snjó auk þess sem háлка getur verið varasöm.



Yfirfullar tunnur geta skapað vandræði við losun. Hætta er á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. Skila má umfram úrgangi á næstu grenndarstöð eða móttökustöðina á Strönd.



Æskilegt er að hreinsa tunnur/ílát eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir og sé íbúum og starfsmönnum sorphirðunnar til ama vegna lyktarmengunar og almenns sóðarskapar. Sérstaklega þarf að hreinsa brúna ílátið reglulega.



Móttökustöð Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er að Strönd á Rangárvöllum

Þar er tekið á móti flestum úrgangstegundum og endurvinnsluefnum. Öll losun skal framkvæmd í samráði við starfsmenn móttökustöðvar. Nauðsynlegt er að vera búin að flokka úrganginn eins mikið og mögulegt er við komu á móttökustöðina til að flýta fyrir og lækka kostnað við losun og förgun.

Heimili í Rangárvallasýslu mega skila að hámarki 1 m³ á dag án greiðslu af gjaldskyldum úrgangi.

Rekstraraðilar greiða fyrir losun á gjaldskyldum úrgangi samkvæmt gjaldskrá. Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu má nálgast hér (setja hnapp).

Opnunartímar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

	Apríl - sept.	Okt. - mars
Mánudaga	kl. 13:30-18	kl. 13:30-17
Þriðjudaga	kl. 13:30-18	kl. 13:30-17
Miðvikudaga	kl. 13:30-18	kl. 13:30-17
Fimmtudaga	kl. 13:30-18	kl. 13:30-17
Föstudaga	kl. 13:30-18	kl. 13:30-16
Laugardaga	kl. 10-16	kl. 11-15
Sunnudaga	lokað	lokað



Grenndarstöðvar Rangárvallasýslu

Það er tekið við umfram heimilissorpi á grenndarstöðum

Á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu eru 3 grenndarstöðvar þar sem hægt er að skila heimilissorpi og flokkuðum úrgangi til endurvinnslu. eru þær einkum ætlaðar eigendum frístundahúsa sem og íbúum fyrir umfram sorp.

Á grenndarstöðvum er hægt að losa almennt heimilissorp, hreinar pappaubúðir, pappír, pappa, fernur, tímarit og blöð, hreinar plastubúðir (ekki harðplast, iðnaðarplast og landbúnaðarplast), málmubúðir og smáa málmhluti, glerumbúðir og lífrænan úrgang eingöngu í maís/pappapokum.

Gámar og ílát á grenndarstöðvum eru losuð reglulega. Ef losa þarf mikið magn af úrgangi er best að fara með hann á móttökustöðina á Strönd.

Grenndarstöðvarnar eru afgirtar og vaktaðar með myndavélum.

Skilgjalddskyldum umbúðum má skila á:

Hvolsvelli – Braggar, Hlíðarvegi 2-4, opið fimmtudaga kl. 17-19

Hellu – Garðar Sigurðsson, Leikskálar 6, opið miðvikudaga kl. 14-18

Fatagámar Rauða Kross Íslands eru á:

Hvolsvelli – Við Rauða kross húsið

Hellu – Við Vörumiðlun/Samskip



SORPSTÖÐ

RANGÁRVALLASÝSLU bs.

Strönd - 851 Hella

S: 487 5157

Netfang: strond@rang.is

 /sorpstodrangarvallasyslu